

## Upplýsingar fyrir Vinnuskólann sumarið 2021:

### Aldur:

Vinnuskólinn er fyrir 14 - 16 ára ungmenni (fædd árin 2007, 2006 og 2005).

### Skráning:

Forráðamenn þurfa að skrá unglinginn sinn í Vinnuskólann. Skráningin fer fram á ráðningarvef Garðabæjar. Á forsíðu [gardabaer.is](http://gardabaer.is) er hlekkur hægra megin (rauður kassi) til að komast inn á ráðningarvef Garðabæjar. Athugið að við skráningu þarf nemandi að eiga bankareikning sem stofnaður er á kennitölu hans.

Vakin er athygli á að árið sem 16 ára aldri er náð verður skattskylda eins og hjá fullorðnum og þarf launþegi að ráðstafa persónuafslætti til vinnuveitanda. Ráðstöfun persónuafsláttar er á ábyrgð launþega. Upplýsingar um hvernig ráðstafa eigi persónuafslætti verða sendar með tölvupósti. Einnig má finna þær hér: <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/stjornsyslan/fyrir-starfsfolk/>

### Dagsetningar:

Skólinn hefst fimmtudaginn 10. júní kl. 8.30 hjá nemendum sem fæddir eru 2005 og 2006 og Mánudaginn 14. júní hjá þeim sem eru fæddir árið 2007.

Nemendur búsettir á Álftanesi mæta í Félagsmiðstöðina Elítuna.

Aðrir mæta í Garðaskóla, norðurbyggingu.

Áætlaður lokadagur Vinnuskólans er þriðjudaginn 27. júlí.

### Vinnutími:

14 ára (fædd 2007): Mætt er fyrir hádegi fjóra daga í viku frá kl.8:30 til kl.12. Fimmta daginn er í boði þátttaka í forvarna- og hópeflisverkefninu Egó. Hóparnir fá síðar skipulag um hvað dag vikunnar er boðað í Egó. Daglegur vinnutími reiknast 3,5 klst. auk 2 klst. í Egó. Samtals 16 tímar á viku.

15-16 ára (fædd árin 2005 og 2006): Unnið frá kl.8:30 til 12 og frá kl. 13:00 til 15:30.

Daglegur vinnutími reiknast 6 klst. Unnið er 3,5 klst. fyrir hádegi á föstudögum. Samtals möguleiki á 27,5 klst. vinnu á viku. Vinnuskólinn áskilur sér rétt til að takmarka frekar vinnutíma ef skráning fer fram úr áætlunum.

## Dagskrá:

Almenn störf og áherslur í Vinnuskóla eru garðyrkja, gróðursetning, hirðing á lóðum og opnum svæðum bæjarins og skipulagt tómsundastarf.

Einnig eru í boði nokkur aðstoðarstörf hjá stofnunum og æskulýðsfélögum, s.s. leikskólum, leikjanámskeiðum og námskeiðum skáta o.fl. fyrir þá sem fæddir eru árin 2005 og 2006.

Hægt er að merkja við þessi aðstoðarstörf inn á skráningareyðublaðinu. Ofangreindir aðilar fá síðan listann og velja til sín af honum. Athugið að vinnutími unglunga í aðstoðarstörfum hjá félögum er í einhverjum tilvikum aðlagaður að tímasetningu sumarnámskeiða sem sum hver geta verið fram í ágúst.

## Laun:

Allar tölur eru án orlofs:

Unglingar 13-14 ára (f.2007) 30% af lfl. 117 kr. 668 pr.klst. 3,5 klst á dag mán-fös.

Unglingar 14-15 ára (f.2006) 40% af lfl. 117 kr. 891 pr.klst. 6,0 klst á dag mán-fim 3,5 klst á fös.

Unglingar 16-16 ára (f.2005) 50% af lfl. 117 kr. 1.113 pr.klst. 6,0 klst á dag mán-fim 3,5 klst á fös.